

Opinn aðgangur

Hvað er opinn aðgangur?

Opinn aðgangur þýðir varanlegur, ókeypis aðgangur að rannsóknafurðum fyrir alla, hvar sem þeir eru staddir. Hægt er að gera allar tegundir gagna aðgengileg í opnum aðgangi, þ.m.t. tímaritsgreinar, bækur, kennsluefni, rannsóknargögn, myndir, hugbúnað, kóða, skýrslur, upptökur af flutningi hvers konar og sýningum.

Hver er munurinn?

Í hefðbundinni útgáfu eru rannsóknafurðir eingöngu aðgengilegar gegn greiðslu. Hafir þú eða bókasafn stofnunar þinnar, ekki greitt fyrir aðgang, muntu rekast á „veg“ (e. paywall). Opinn aðgangur er andstæðan við þessa hefðbundnu leið.

Um hvað snýst þetta?

Opinn aðgangur veitir öllum aðgang að niðurstöðum rannsókna og auðveldar öðrum að byggja á þeim frekari rannsóknir. Þannig geta vísindamenn gert vandaðri rannsóknir og höfundar vísindagreina fá meiri lestur og betri dreifingu á verkum sínum séu þau í opnum aðgangi.

Hvernig getur þú gert rannsóknir þínar aðgengilegar í opnum aðgangi?

Vísindamenn hafa ýmsa möguleika til að birta í opnum aðgangi. Fyrst skaltu athuga hvort stofnunin þín eða styrkveitandi gerir kröfu um að þú birtir í opnum aðgangi.

Helstu leiðir:

A. Birta í opnum aðgangi hjá útgefendum (gullna leiðin)

- Margir útgefendur bjóða opinn aðgang að lokaútgáfu tímaritsgreina (e. published version) á vefsíðum sínum gegn gjaldi. Höfundur eða stofnunin sem viðkomandi starfar hjá greiðir þá fyrir birtinguna með svokölluðu birtingargjaldi (e. APC - article processing charge). Oft eru greinar birtar með Creative Commons birtingaleyfum (sjá hér neðar).
- Sumar stofnanir hafa gert samninga við stóra útgefendur um áskrift að tímaritapökkum þar sem rannsakendum er jafnframt gert kleift að birta greinar í tímaritum viðkomandi án endurgjalds („read and publish“ samningar – e. transformational agreements).

B. Birta greinar í varðveislusafni (græna leiðin)

Hvað er varðveislusafn?

Varðveislusafn er gagnasafn með tímaritsgreinum og e.t.v. fleiri tegundum gagna sem oft veitir ókeypis aðgang að heildartexta. ATH: ResearchGate og Academia.edu eru EKKI varðveislusöfn.

- **Íslensk varðveislusöfn**

Íslensk varðveislusöfn eru t.d. [Opin vísindi](#), [Skemman](#) sem er safn námsritgerða íslensku háskólanna og Hirsla sem var í notkun hjá Landspítala Háskólasjúkrahúsi en hefur nú sameinast rannsóknupplýsingakerfinu IRIS.

- **Erlend varðveislusöfn**

Margar erlendar stofnanir hafa sín eigin varðveislusöfn eða deila varðveislusafni með nokkrum stofnunum. Einnig má finna varðveislusöfn á ákveðnu fræðasviði s.s. [Europe PMC](#) í lífvísindum og almenn varðveislusöfn eins og [Zenodo](#).

- **Preprint söfn/vefsíður**

Það færast sífellt í aukana að rannsakendur geri afurðir sínar aðgengilegar í preprint söfnum/vefsíðum áður en þær eru sendar til birtingar í tímaritum. Má þar nefna [arXiv](#), [bioRxiv](#), [chemRxiv](#), [medRxiv](#), og [preprints.org](#).

- **OpenDoar**

Mörg helstu varðveislusöfn eru skráð á vefnum [OpenDoar](#).

Margir útgefendur leyfa höfundum að hlaða upp eintaki af tímaritsgrein sinni eða hluta úr bók í varðveislusafn, jafnvel þó að endanleg útgáfa sé lokuð. Útgáfan sem oft er sett í varðveislusöfn er samþykkt handrit höfundar (e. author accepted manuscript/postprint) þ.e. lokahandrit eftir ritrýni en áður en gengið er frá endanlegri uppsetningu greinar.

Birtingatöf

Sumir útgefendur setja skilyrði um birtingatöf (e. embargo), sem þýðir að læsa þarf útgáfunni í varðveislusafninu í nokkurn tíma eftir birtingu (oft 6-12 mánuði) en verður opin eftir þann tíma.

Reglur útgefenda

Reglur útgefenda um opinn aðgang má finna á vefsíðum þeirra. Gott er að nota vefinn [Sherpa Romeo](#) til að skoða reglur fyrir einstök tímarit.

Aðstoð

Ef þú ert í vafa um hvernig þú getur birt í opnum aðgangi og þarft aðstoð, skaltu spyrja útgefandann eða þar til bært starfsfólk hjá þinni stofnun.

Ef þú ert í óvissu um hvort og hvernig þú megir deila þinni eigin grein er gott að fara á vefinn [ShareYourPaper.org](#), setja inn DOI númer greinarinnar og fá leiðbeiningar.

Á vef [DOAJ – Directory of Open Access Journals](#) er hægt að sjá yfirlit yfir þau tímarit sem birta í opnum aðgangi og standast tiltekna gæðakröfur.

C. „Demantaleiðin“ (Diamond open access)

- Opinn aðgangur eins og með gullnu leiðinni, en ekki þarf að greiða birtingargjald. Höfundur heldur að jafnaði höfundarrétti, í stað þess að framselja hann til útgefanda eins og tíðkast í hefðbundinni útgáfu. Oft eru þessi tímarit fjármögnuð af fagfélögum eða fræðasamfélögum. Fjöldmörg ritrýnd gæðatímarit eru í slíkum aðgangi. Nálágast má upplýsingar um þau hjá [DOAJ – Directory of Open Access Journals](#).







Creative Commons höfundaréttarleyfi

Efni í opnum aðgangi er oft áfram í höfundarrétti en hægt er að leyfa notkun þess með einu af Creative Commons birtingaleyfum. Creative Commons leyfin gefa skýrt til kynna hvað má gera/ekki gera við efnið. Í öllum tilfellum ætti greinin/ritið að vera varanlega frjálst til niðurhals.

Eftir því sem stöfum í Creative Commons leyfinu fjölga, þess fleiri takmarkanir eru á notkun. Vinsælt leyfi er „CC BY (Attribution)“ sem þýðir að hægt er að nota eintakið á marga vegu svo lengi sem upphaflegu höfundanna er getið.

[Creative Commons \(CC\) leyfin](#) gera höfundum kleift að varðveita rétt sinn en leyfa þó öðrum að afrita verk, dreifa eða vinna með á annan hátt, sjaldnast þó í viðskiptalegum tilgangi.

CC afnotaleyfin eru sex :

-  [CC BY](#) (Attribution)
-  [CC BY-SA](#) (ShareAlike)
-  [CC BY-ND](#) (NoDerivs)
-  [CC BY-NC](#) (NonCommercial)
-  [CC BY-NC-SA](#) (NonCommercial-ShareAlike)
-  [CC BY-NC-ND](#) (NonCommercial-NoDerivs)

Að finna efni í opnum aðgangi

Á vefnum [opinnadgangur.is](#) er að finna leiðir til að nálgast fjölbreytt efni í opnum aðgangi s.s. vísinda- og fræðigreinar, kennslubækur og fræðirit, „preprint“ og námskeið í opnum aðgangi.

Auk þess má nefna eftirfarandi:

- [Open Access hnappurinn](#) er vefviðmót sem hjálpar þér að finna opna útgáfu af tiltekinni grein (ef hún er tiltæk) með því að nota titil hennar, tilvitnun, DOI eða vefslóð.
- [Unpaywall](#) er vafraviðbót sem gefur til kynna hvort opið og ókeypis eintak af verki er fáanlegt þegar þú vafrar um vefsíður útgefenda.

*Byggt á A Guide to Open Access frá British Library,
Scholarly Communications Toolkit
10.23636/g6fm-dx07*